

Grundtvig fréttir

Fullorðinsfræðsluverkefni í evrópsku samstarfi

Átta umsóknir bárust í ár; fjögur ný verkefni og 4 endurnýjunarumsóknir. Fimm verkefni voru samþykkt voru og er heildarstyrkur til úthlutunar að upphæð 51.600€. Verkefni þurfa að hljóta samþykki a.m.k. þriggja þátttökulanda til að fá styrk.

Styrki fengu:

- Kennaraháskóli Íslands, *Teaching Flex* – kennarar og fjarkennsla
- Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, *Lila - Land Life Learning*
- Blindrafélagið -Midvi *Active Project*
- Menntasmiðjan *CYRIL, Culture in Your Region in Informal Learning*
- Intercultural Iceland *Ways to Foster Entrepreneurial Mindsets in an Intercultural context*

Endurmenntun styrkt

Grundtvig styrkir endurmenntun kennara í fullorðinsfræðslu. Ráðstefnur, námskeið og námsheimsóknir eru styrktar. Ellefu umsóknir bárust og 7 styrkjum lofað meðaltal styrkja er í kringum 1500 evrur. Enn eru nokkrir endurmenntunarstyrkir til.

Grundtvig/Leonardo tengslaráðstefna var haldin í Reykjavík 15. – 17. nóvember um málefnið menntun innflytjenda. Þátttakendur komu frá 9 löndum í Evrópu. Sjö verkefnishugmyndir fæddust og gaman verður að sjá hvort að þær verði að veruleika 2008.

Dæmi um verkefni sem verið er að vinna að:

KHÍ endurmenntun *Teaching flex*.

Markmið þessa verkefnis er kanna endurmenntunarþörf kennara sem kenna fullorðnum á sviði upplýsingartækni og nýrra miðla. Nýjungar á sviði tölvu- og upplýsingatækni kalla á nýjar aðferðir í námi og kennslu og stefnt er að því að bæta við fagkunnáttu og leikni kennara á því sviði.

Hugað verður að hvernig kennarar geta notað kennslufræði og blandaðar kennsluaðferðir til að skilja mismunandi námsaðferðir m.t.t. tækninýjunga m.a. á sviði fjarkennslu. Verkefnið hefur hagnýtt gildi því þátttakendur bera saman aðstæður, kynnast nýjungum og deila reynslu sinni. Þáttökulönd eru: Svíþjóð, Spánn, Tékkland, Frakkland og Grikkland

Blindrafélagið er þátttakandi í Grundtvig *learning partnership* verkefni: **Active** and Creative Transition for Inclusion through Vocational Training and Education. Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að brúa bilið milli framhaldsskóla og atvinnulífs og atvinnulífs og símenntunar og auka möguleika á fjölbreyttu náms- og starfsvali. Einn helsti styrkleiki ACTIVE verkefnisins felst í fjölbreyttum bakgrunni þátttakenda sem byggir meðal annars á ólíkri menningu og þjóðfélagsaðstæðum. Þátttakendur í ACTIVE samstarfinu eru nemendur, foreldrar og fagfólk sem tengist menntun, atvinnuþátttöku og endurhæfingu blindra og sjónskertra einstaklinga á aldrinum 16 – 25 ára. Fulltrúarnir eru frá ellefu skólum og þekkingarmiðstöðvum í níu löndum, Danmörku, Finnlandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi. Drjúgur tími fyrsta starfsársins fór í að kynnast og skilja ólíka menningu í löndunum en hún hefur umtalsverð áhrif á sjónarmið varðandi réttindi blindra og sjónskertra einstaklinga til náms og atvinnu.

Næstu umsóknarfrestir eru:

15. febrúar fyrir samstarfsverkefni

31. janúar endurmenntunarnámskeið

www.grundtvig.is

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins,
Háskólatorg 101 Reykjavík, sími: 525
4311, fax: 525 5850 ask@hi.is



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Grundtvig fréttir